



## F U N D A R G E R ð

### **Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 25. maí 2020 kl. 17:00 í gegnum fjarfundabúnað**

Mætt voru: Kristinn Jónasson Unnur Þóra Sigurðardóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Finnbogi Leifsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sævar Jónsson og Karitas Jónsdóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri..

Formaður gekk til dagskrár

#### **1. Fundargerð síðasta fundar 17. apríl 2020**

Samþykkt samhljóða.

#### **2. Erindi frá Terru um tímabundna urðun í Fíflholtum.**

Erindið rætt. Formaður gerði tillögu um að Sorpurðun Vesturlands tæki á móti að hámarki 400 tonnum á tímabilinu 3. ágúst til 3. desember 2020 að því gefnu að Terra fái verkefnið. Gengið var til atkvæðagreiðslu. Finnbogi sagði nei. Ásta Kristín og Karitas sátu hjá. Aðrir sögðu já.

#### **3. Sigvatn frá urðunarstað**

Framkvæmdastjóri greindi frá skoðun EFLU, verkfræðistofu á lausn sigvatnsmála á urðunarstaðnum í Fíflholtum. Markmið verkefnisins er að auka hreinsun sigvatns frá staðnum.

#### **4. Samráðsnefnd - fundur 15. maí 2020**

##### **Lögð fram fundargerð frá 15.05.2020.**

Formaður greindi frá funum samráðsnefndar sorpsamlaga SV-hornsins. Fram var lögð samþykkt fundarins er hljóðar svo:

*Samráðsvettvangur Sorpsamlaga SV-hornsins samþykkir að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að móta næstu skref um undirbúning brennslustöðvar. Formanni, Líf Magneudóttur, er falið að ræða við Pál Guðjónsson um að taka að sér vinnu fyrir verkefnisstjórn. Áframhaldandi vinna byggi m.a. á stoðum þeirrar vinnu sem unnin hefur verið fyrir eigendavettvang Sorpu bs.*

Greindi formaður frá fundi samráðsnefndar fyrr í dag en þar var samþykkt að koma á fót starfshópi til að vinna forathugun á brennslustöð fyrir SV-hornið. Inni í þeirri vinnu verður einnig kannað með kosti og galla á að flytja út sorp.

Fundarmenn fögnuðu verkefninu. Gerð var grein fyrir því að verkefnið yrði kynnt fyrir sveitarfélögum með fundi .

### **5. Önnur mál**

Aðalfundur verður haldinn 15. júní n.k. kl. 13 á Hótel Hamri.

Stjórnin lagði að Kristni Jónassyni að halda áfram stjórnarsetu og helst formennsku. Stór og mikilvæg verkefni eru nú framundan á vettvangi úrgangsmála og gott að hafa vana menn í brúnni á þeim tímapunkti sem upp er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30  
Hrefna B Jónsdóttir